

Viðbragðsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra ef upp kemur neyðarstigs almannavarna - uppfært 25. september 2020

Efnisyfirlit	
Virkjun viðbragðsáætlunar	1
Áhættumat	2
Upplýsingaskylda starfsmanna og um eigin heilsu	3
Aðgerðir til að viðhalda rekstri og stuðla að öryggi starfsfólks og nemenda í heimsfaraldri influensu	4
Ráðstafanir til að fækka smitleiðum	4
Á neyðarstigi almannavarna gilda eftirfarandi reglur um starfsemi skólans.	5
Neyðarstig almannavarna vegna COVID-19 - 5. október 2020	6
Smitrakning í skólasamfélaginu	6
Hólfaskipting - en skóli opinn.	6
Skóli lokar vegna smithættu eða sóttkvíar	6
Viðbrögð við aukinni hættu innan skólans	8
Eyðing smitefnis	8
Heilsufarsleg atriði starfsfólks og influensueinkenni	8
Starfsfólk fylgist með eigin heilsu og fer heim ef þeir finna fyrir einkennum. Ekki skal fara á heilsugæslu heldur hringja eftir aðstoð.	8
Starfsfólk á ekki að koma til vinnu ef þeir eru veikir og er ráðlagt að vera heima frá því einkenna verður vart og í 10 daga frá því að sóttthiti er horfinn.	8
Starfsfólks sem mætir til vinnu veikt, er umsvifalaust sent heim en í almennum sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 felst að hver sá sem telur sig smitaðan af smitsjúkdómi hefur þá skyldu að fara varlega og gera sér far um að smita ekki aðra.	8

Virkjun viðbragðsáætlunar

Ákvörðun Ríkislögreglustjóra um neyðarstig vegna heimsfaraldurs gildir um virkjun þessarar áætlunar. Skólastjóri ber ábyrgð á að tilkynna starfsfólki og foreldrum um að virkja viðbragðsáætlunina. Áætlunin er byggð á viðbragðsáætlun Samband Íslenskra sveitarfélaga. Fyrri áætlun skólans sem byggð er á landsáætlun almannavarna og er einnig í gildi.

Skólastjórnendur og öryggisvörður gæta þess að skólinn búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu um stig faraldursins. Annast eftirfylgni við leiðbeiningar til starfsmanna varðandi fyrirkomulag á vinnustað auk sótthreinsibúnaðar og umgengisreglna. Skólastjórar sjá um samskipti við vegna veikinda og fjarveru og ber þeim að upplýsa öryggisvörð um veikindi.

Lykilstarfsmenn og staðgenglar	
Skólastjóri Sigurður Þór Ágústsson	Staðgengill Eydís Bára Jóhannsdóttir
Húsvörður og öryggisvörður Sveinn Ingi Bragason	Staðgengill Skólastjórnendur
Aðstoðarskólastjóri Eydís Bára Jóhannsdóttir	Staðgengill Ingveldur Ása Konráðsdóttir
Ritari Helga Sigurhansdóttir	Staðgengill Vigdís Gunnarsdóttir
Ritari Vigdís Gunnarsdóttir	Staðgengill Skólastjórnendur
Umsjónarmaður frístundar Guðrún Helga Magnúsdóttir	Staðgengill Arnar Svansson
Matráður Sigrún Eva Þórisdóttir	Staðgengill Sigurbjörg Berglind Sölvadóttir

Áhættumat

Sóttvarnalæknir hefur gert bráðabirgðamat á afleiðingum yfirvofandi heimsfaraldurs þar sem tillit er tekið til afleiðinga. Ef veiran nær útbreiðslu hér á landi er líklegt að fjarvistir frá vinnu verði nokkrar. Mögulega má búast við að veikindi verði meira langvarandi en í árlegum inflúensufaraldri.

Fjarvistir starfsmanna eða nemenda geta stafað af mismunandi ástæðum, til dæmis vegna:

- Smits af völdum kórónaveiru.
- Annarra veikinda.
- Annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokun leikskóla og skóla.
- Beiðna vinnuveitanda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heiman frá sér.
- Beiðna heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann.

Foreldrar láta vita um veikindi barna og halda þeim heima í samræmi við leiðbeiningar landlæknis.

Ekki er hægt að spá fyrir með vissu hverjar fjarvistir á verða. Það veltur m.a. á því um hversu skæða farsótt er að ræða, hvernig starfsfólk metur hættuna, hvort skólum er lokað og til hvaða ráða er tekið í viðbrögðum vinnustaða í þeim tilgangi að minnka líkur á fjarvistum og smiti innan vinnustaðarins.

Upplýsingaskylda starfsmanna og um eigin heilsu

Engum starfsmanni er heimilt að mæta til vinnu með flensulík einkenni nema að undangengnu mati heilsugæslu og/eða sýnatöku.

Öllum starfsmönnum er skylt að láta skólastjórnendur vita ef að:

- o Hafa komið í snertingu eða návígið við einstakling sem er með eða grunaður um að vera með Covid-19 vírusinn. Eða einstakling sem er í sóttkví eða einangrun.
- o Hefur undanfarna 14 daga haft einkenni hósta, hita eða öndunarerfileika.
- o Sé starfsmaðurinn, sem er að koma erlendis frá, alveg einkennalaus þá ætti hann einfaldlega að sinna sínu lífi líkt og fyrr, mæta í vinnu o.þ.h. en gæta mjög vel að almennu hreinlæti, handþvottur, sprittun o.þ.h. og forðast einnig handabönd og líkamssnertingu. Ef hann hins vegar fær einhver einkenni flensu næstu daga eftir heimkomu þá skyldi hann halda sig heima og hringja í læknavaktina í síma 1700 og fá ráðleggingar þar.
- o Ef starfsmaður er að koma erlendis frá, jafnvel frá öðrum löndum, og finnur fyrir einhverjum einhverjum flensulíkum einkennum: hiti, hósti og beinverkir. Þá skal vera í sambandi við yfirmann og meta hvort viðkomandi sé hæfur til vinnu.
- o Við viljum forðast í lengstu lög að allur vinnustaður okkar lendi í sóttkví

Ef grunur um sýkingu af völdum COVID-19 vaknar skal upplýsa skólastjórnendur, þeir bregst við á eftirfarandi hátt:

- o Ef grunur vaknar, hringið í vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í gegnum skiptiborð s. 543-1000 eða hafið samband við SVL í síma 510-1933.
- o Foreldrar sækja nemendur.
- o Ef málið þolir enga bið, hringið í 112 og óskið eftir sjúkraflutningi.
- o Vakthafandi læknir/sjúkraflutningamaður ber ábyrgð á framkvæmd áhættumats vegna gruns um COVID-19 sýkingu í samráði við umdæmislækni sóttvarna og sóttvarnalækni, vaktsími sóttvarnalæknis er 510-1933 og einnig vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í gegnum skiptiborð 543-1000.

Aðgerðir til að viðhalda rekstri og stuðla að öryggi starfsfólks og nemenda í heimsfaraldri inflúensu

Skólastjórnendur og öryggisvörður skulu hafa umsjón með að vakta daglega hver tilmæli almannavarna og sóttvarnalæknis eru, eftir að viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð, t.d. á vefsíðum eins og www.landlaeknir.is og www.almannavarnir.is. Skólastjóri skal sjá um að koma fréttum og skilaboðum áleiðis til alls starfsfólks og forleðra með tölvupóstsendingum. Mikilvægar leiðbeiningar og reglur fyrir starfsfólk sem kunna að breytast frá degi til dags verða sendar starfsmönnum jafnóðum með tölvupósti. Einnig verða þær hengdar upp í kaffistofu og sameiginlegum rýmum starfsfólks.

Skólastjóri skal halda utan um fjarvistir starfsmanna daglega, skrá niður ástæður fjarvista og áætla a.m.k. 14 daga í fjarvistir starfsmanna sem hafa greinst með inflúensu og allt að 14 daga ef starfsmaður er í sóttkví. Ritari sér um fjarvistaskráningar nemenda.

Ráðstafanir til að fækka smitleiðum

Hægt er að fækka smitleiðum innan skólans með því að :

- o Fækka staðbundnum fundahöldum tímabundið.
- o Fresta eða fella niður ferðir nemenda.
- o Nýta fjarfundabúnað fyrir fundi í auknum mæli.
- o Breyta framkvæmd ræstinga þannig að aukin áhersla verði lögð á að strjúka af hurðahúnum, slökkvurum, símum, lyklaborðum, borðum og stólörmum.
- o Skóli munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.
- o Markmið er að starfsmenn skólans haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.
- o Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.
- o Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- o Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.
- o Loka vatnsbrunni fyrir nemendur í almennu rými til að forðast smit eða koma

upp einnota glösum.

- o Hætta að nota handklæði, eingöngu einnota bréfpurrkur.
- o Matráðar skammta allan mat fyrir nemendur og noti hanska.
- o Ef veikindi koma upp í skólanum fer einn starfsmaður með nemanda í viðtalsherbergi 1 og bíður þar með viðkomandi þar foreldrar hafa sótt.
- o Hafa spritt í stofum til nota fyrir og eftir sameiginlegan búnað, s.s liti o.þ.h.
- o Skólabílstjórar þrifi snertifleti milli ferða í skólabílum.
- o Setja upp bréfpurrkur á salernum í matsal og loka blæstri.
- o Sápur séu til staðar við alla vaska í skólanum.

Á neyðarstigi almannavarna gilda eftirfarandi reglur um starfsemi skólans.

- o Öryggisvörður kannar birgðir á hreinlætisvörum eins og sápu, sóttthreinsispritti, handþurrkum, ræstingavörum o.þ.h. og pantar inn á lager, ef til þess kæmi að birgjar loka. Eins þarf að skoða hvort þörf er á tíðari þrifum. Þá kannar ritari stöðu á öðrum rekstrarvörum eins og t.d. pappír og prenthylkjum.
- o Í faraldri skal starfsfólk lágmarka fundahöld. Gildir þetta jafnt um fundi innan sem utan skólans. Notast skal meira við síma og tölvur til samskipta eins og frekast er unnt og fyrirmælum sóttvarnalæknis fylgt eftir því sem við á.
- o Skólinn fylgir fyrirmælum sóttvarnalæknis hverju sinni varðandi ferðalög innanlands sem utan. Taka skal tillit til þess ef fólk vill síður ferðast innan um aðra þegar faraldur stendur yfir.
- o Um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsfólks gilda ákvæði kjarasamninga. Sveitarstjóri getur þó gefið út rýmri reglur hvað þetta varðar telji hann nauðsynlegt að mæta þörfum starfsfólks vegna umönnunar barna eða náinna ættingja.
- o Tryggja þarf að fleiri en einn starfsmaður geti gengið í störf annarra starfsmanna þar sem metin er þörf á því. Starfsfólk getur átt von á að vera fært til milli starfa til að sinna verkefnum sem hafa forgang í inflúensufaraldri innan sveitarfélagsins.

- o Skólustjóri getur hvenær sem er ákveðið að breyta fyrirkomulagi á þjónustu við viðskiptavinum til að draga úr smithættu eða til að mæta breyttum aðstæðum innan skólans meðan á faraldrinum stendur.

Neyðarstig almannavarna vegna COVID-19 - 5. október 2020

- o **Gestakomur í skóla- og frístundastarf**
- o Gestakomur miðast við brýna nauðsyn t.d. vegna barna í vanda. Öllum gestakomum sem ekki eru nauðsynlegar skal fresta. Gestir þurfa að sýna ítrustu smitgát og bera grímur ef ekki er hægt að viðhafa 1 metra fjarlægðarmörk.
- o **Vettvangsferðir**
- o Vettvangsferðir „í hús“, söfn o.fl. verða felldar niður. Áfram verður farið í vettvangsferðir utandyra. Skoðað verður sérstaklega með ferðir vegna valgreinahelgar á Blönduósi og í skólabúðir.
- o **Mötuneyti**
- o Hvatt er til þess að starfsfólk sem kemur að mötuneyti noti grímur og hanska þegar kemur að matarskömmun og dreifingu mataráhalda.
- o **Loftum vel**
- o Mikilvægt er að tryggja góða loftræsingu og hafa glugga opna í rýmum þar sem skóla- og frístundastarf fer fram.
- o **Fundir starfsmanna**
- o Allir fundir verða nú á Google meet þar til annað verður ákveðið.
- o **Persónubundnar smitvarnir**
- o Áfram skal hafa skal spritt við sameiginlega snertifleti eins og ljósritunarevél, kaffivél, salerni o.p.h.
- o **Viðtalsdagur**
- o Engum foreldrum er heimilt að mæta til viðtals í skólann að þessu sinni. Öll viðtöl

Smitrakning í skólasamfélaginu

Uppfærðar leiðbeiningar má alltaf finna á síðunni

<https://www.samband.is/um-sambandid/upplýsingasida-vegna-covid-19/>

.Skipulag ef upp kemur smit og skerða þarf þjónustu skóla

a) Hólfaskipting - en skóli opinn.

Ef upp kemur sú staða að skólinn þurfi að hólfaskipta mæta nemendur í skólann 3. hvern dag. Starfsmönnum er þá skipt í 3 hópa og halda sig í sinni heimastofu eða úti nema leiðbeiningar landlæknis heimili annað. Tilteknum kennurum og starfsmönnum er skipað niður á ákveðna bekk.

Kennarar/starfsmenn tiltekinna bekkja hafa samband við nemendur daglega í síma eða á myndfundi þá daga sem ekki er mætt í skólann. Nám er skipulagt í gegnum mentor, facebook, classroom eða aðra sambærilega miðla sem hæfa aldri og þekkingu nemenda.

Frístund er skipulögð út frá börnum forgangsaðila og aldri nemenda.

b) Skóli lokar vegna smithættu eða sóttkvíar

Ef skóli lokar alfarið vegna smithættu eða sóttkvíar er kennurum og starfsmönnum skipað á tiltekna bekk.

Kennarar/starfsmenn tiltekinna bekkja hafa samband við nemendur daglega í síma eða á myndfundi. Nám er skipulagt í gegnum mentor, facebook, classroom eða aðra sambærilega miðla sem hæfa aldri og þekkingu nemenda.

Starfsmenn sem myndað hafa mótefni gegn COVID-19 eru lykilstarfsmenn sem munu halda frístund opinni fyrir börn forgangsaðila í 1. og 2. bekk.

Viðbrögð við aukinni hættu innan skólans

Eyðing smitefnis

Á kórónaveirur og inflúensuveirur virkar eftirfarandi:

- hreinsun með vatni og sápu
- hitun í 40°C í 15 mínútur; 80°C í 3 mín; 90°C í 1 mínútu
- spritti (a.m.k. 40% styrk)
- ísóprópanóli (a.m.k. 30% styrk)
- klórlausnum (a.m.k. 200 ppm styrk)
- joðefnum (a.m.k. 75 ppm styrk)

Sóttvarnabúnaður sem skólinn þarf að eiga auk hefðbundinnar sápu:

- bréfpurrkur
- handspritt
- spritt til hreinsunar á yfirborði, svo sem símum og hurðarhúnum
- einnota hanskar fyrir ræstinguna

Heilsufarsleg atriði starfsfólks og inflúensueinkenni

1. Starfsfólk fylgist með eigin heilsu og fer heim ef þeir finna fyrir einkennum. Ekki skal fara á heilsugæslu heldur hringja eftir aðstoð.
2. Starfsfólk á ekki að koma til vinnu ef þeir eru veikir og er ráðlagt að vera heima frá því einkenna verður vart og í 10 daga frá því að sóthiti er horfinn.
3. Starfsfólks sem mætir til vinnu veikt, er umsvifalaust sent heim en í almennum sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 felst að hver sá sem telur sig smitaðan af smitsjúkdómi hefur þá skyldu að fara varlega og gera sér far um að smita ekki aðra.

Leiðbeiningar fyrir einstaklinga með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu nýrrar kórónaveiru (COVID-19)

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item39475/Lei%C3%B0beiningar%20fyrir%20%C3%A1h%C3%A6ttuh%C3%B3pa.pdf>

